

PricewaterhouseCoopers hf  
Skógarhlíð 12  
105 Reykjavík

www.pwc.com/is  
Sími +354 550-5300  
Myndsími +354 550-5301

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

b.t. Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari

3. mars 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, 325. mál, breyting ýmissa laga.**

Undirrituðum hefur verið sent ofangreint frumvarp til laga ásamt greinargerð og gefinn kostur á að leggja fram umsögn um frumvarpið og einstakar greinar þess. Er nefndinni þakkað fyrir það tækifæri og eftirfarandi athugasemdum hér með komið á framfæri.

Í frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á reglum um skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum.

Það er álit okkar að sú breyting sem er boðuð með frumvarpinu sé mjög jákvæð og að mörgu leyti sérstakt fagnaðarefni þar sem ætlunin er að rétta samkeppnisstöðu íslenskra félaga gagnvart skattlagningu söluhagnaðar og færa hana til samræmis við það sem tíðkast víðast hvar í okkar helstu samkeppnislöndum. Þó eru nokkur atriði sem við teljum að megi færa til betri vegar svo þeim tilgangi verði náð. Hér á eftir má finna umfjöllun okkar um þau atriði:

**1. Óæskilegt að fella 5. mgr. 18. gr. alfarið úr gildi**

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fella brott 5. mgr. 18. gr. tekjuskattslaga. Ákvæðið kveður á um frestunarheimildir söluhagnaðar hjá aðilum í atvinnurekstri. Eðlilegt er að frestunarheimildin sé felld brott hjá lögaðilum sem uppfylla skilyrði skattfrelsis söluhagnaðarins, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Hins vegar eru önnur rekstrarform, s.s. einstaklingsrekstur og sameignarfélaög svipt þessum rétti og þannig sett í mun verri stöðu en þau eru í nú. Við teljum skynsamlegt að áfram verði til staðar frestunarheimildir fyrir þessi rekstrarform sem og hlutafélög sem falla ekki undir undanþáguregluna.

## **a) Sameignarfélög o.fl.**

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði úr gildi heimild sameignarfélaga til að fresta skattlagningu söluhagnaðar.

Skatthlutfall sameignarfélaga er 26%. Heimilt er að taka út úr sameignarfélögum án frekari skattlagningar og því er heildarskattbyrði félagsins og eigenda þess 26%.

Í nágildandi 3. mgr. 71. gr. tskl. er kveðið á um að tekjuskattur sameignarfélaga af fengnum arði skuli vera 10%. Sameignarfélögum er hins vegar ekki heimilt að gjaldfæra fjárhæð jafna fengnum arði og því er heildarskattbyrði þeirra og eigenda þeirra 10% af þessum tekjum líkt og gildir hjá hlutafélögum. Við teljum að sama ætti að gilda um hagnað af sölu hlutabréfa. Ef hann á að tekjufærast hjá sameignarfélögum án nokkurs gjaldfærsluréttar eða frestunarheimildar ætti skatthlutfallið að vera 10%. Sama á við um þá aðila sem skattskyldir eru skv. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr.

## **b) Skattlagning einstaklinga í rekstri**

Samkvæmt nágildandi 5. mgr. 18. gr. tskl. er einstaklingum í rekstri heimilt að fresta skattlagningu hagnaðar af sölu hlutabréfa sem eignfærð hafa verið í rekstrinum. Um verulega breytingu er að ræða hjá þessum einstaklingum og eykur þann mun sem er á skattalegri stöðu þeirra og hinna sem kjósa að stunda atvinnurekstur sinn í gegnum einkahlutafélög.

Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir því þegar um er að ræða langtímafjárfestingu að hagnaðinn eigi að skattleggja að fullu þegar um er að ræða einstakling í rekstri en ekki ef reksturinn er stundaður í gegnum einka/hlutafélag.

Hugsanlega kæmi til greina að ákveða að skatthlutfall einstaklinga í rekstri af þessum tekjum verði 10% með sama hætti og þegar um fjármagnstekjur utan rekstrar er að ræða.

## **2. Ófrádráttarbær rekstrarkostnaður, 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins – óskýrt hvað fellur þar undir**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kostnaður sem fellur til við hlutabréfaviðskiptin verði takmarkaður þannig að hvorki verði hann dreginn frá öðrum tekjum né geti hann myndað yfirfæranlegt tap. Við tökum undir þau sjónarmið að eðlilegt sé að takmarka þennan frádrátt frá öðrum tekjum í vissum tilvikum, en ákvæðið þarf að kveða skýrt á um hvaða kostnað er að ræða og hvort höfnun frádráttar eigi einungis við á söluári eða allan eignarhaldstíma þeirra hlutabréfa sem mynda skattfrjálsan söluhagnað. Óskýrt orðalag sem þetta getur auðveldlega komið í veg fyrir að tilgangur lagabreytingarinnar nái fram að ganga þar sem félögin geta talið sig í verri stöðu en þau voru fyrir fyrirhugaða lagabreytingu.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins hefur nágildandi frestunarheimild þau áhrif að söluhagnaður kemur almennt ekki til skattlagningar. Hins vegar eru engar takmarkanir á frádrætti rekstrarkostnaðarins. Óvissa um frádráttarheimildir er fráhrindandi og leiðir til

Þess að hvatinn til áframhaldandi stofnunar eignarhalds um félög erlendis er enn til staðar. Óvissan hefur einnig fælingaráhrif gagnvart erlendum félögum sem ella gætu séð sér hag í því að stofna eignarhaldsfélög á Íslandi um starfsemi sína og fjárfestingar. Undirritaðar hafa ítrekað orðið vör við áhuga erlendra stórfyrirtækja á flutningi eignarhalds til Íslands þar sem skattumhverfið er að mörgu leyti hagstætt. Núgildandi skattlagningarreglur um söluhagnað hlutabréfa hafa hins vegar talist mjög fráhrindandi (þrátt fyrir frestunarheimildir), en það má telja öruggt að verði óvissu um frádráttarbærni kostnaðar eytt gæti þessi lagabreyting haft þau áhrif að Ísland verði álitlegur kostur til staðsetningar eignarhaldsfélags fyrir alþjóðleg fyrirtæki, líkt og Holland og Noregur hafa notið góðs af hingað til.

Virðingarfyllst,

**PricewaterhouseCoopers hf.**  
**Skatta- og lögfræðisvið**

---

Elín Árnadóttir

---

Elísabet Guðbjörnsdóttir